

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 12. desember 2019

Mál nr. E-264/2019:

**Helga Sigurðardóttir og**

**Helgi Haraldsson**

*(Guðbjörg Benjamínsdóttir lögmaður)*

**gegn**

**Særeka, gluggum og hurðum slf.**

*(Skúli Sveinsson lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 19. nóvember síðastliðinn, er höfðað 12. mars 2019.

Stefnendur eru Helga Sigurðardóttir og Helgi Haraldsson, [...], [...].

Stefndi er Særeki gluggar og hurðir slf., Heiðarbrún 25, Hveragerði.

Stefnendur krefjast þess að staðfest verði riftun á samningi þeirra við stefnda frá 7. mars 2018 um kaup á 11 sérsmíðuðum gluggum og að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnendum 1.334.319 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. mars 2018 til greiðsludags.

Einnig að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum 1.385.720 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 19.120 krónum frá 24. apríl 2018 til 13. febrúar 2019, en þá af 702.420 krónum frá þeim degi til 13. mars 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga af 1.385.720 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Loks er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I

*Málsatvik*

Af tölvupóstsamskiptum aðila og öðrum framlögðum gögnum má ráða að komist hafi á samningur milli aðila um að stefndi smíðaði 11 glugga með 12 opnanlegum fögum

í einbýlishús stefnenda að [...] í [...]. Í samskiptum stefnenda og fyrirsvarsmanns stefnda kemur fram að stefnendur hafi valið að kaupa gluggana af stefnda, sem væri lítil trésmíðja, í þeirri von að þau fengju vandaðri vöru heldur en hjá stórri verksmíðju. Óskuðu stefnendur sérstaklega eftir góðu efnisvali í gluggana, það er að þeir yrðu smíðaðir úr Oregon Pine-viði sem yrði olíuborinn og viðarvarinn.

Með tölvupósti stefnda 5. mars 2018 var staðfest að allir gluggar yrðu smíðaðir úr Oregon Pine. Eftir nokkur tölvupóstsamskipti um hönnun glugganna varð samkomulag milli aðila um smíðina. Tilboð stefnda í verkið nam 1.334.319 krónum. Þann 7. mars 2018 greiddu stefnendur staðfestingargjald, eða 400.296 krónur, inn á smíðina. Í tilboði stefnda til stefnandans Helga segir orðrétt: „Við greiðslu staðfestingargjalds telst samningur milli aðila um útfærslu framleiðslunnar innsiglaður.“ Stefnendur greiddu eftirstöðvar kaupverðsins, 934.023 krónur, þann 24. apríl 2018 og sóttu gluggana sama dag á verkstæði stefnda í Hveragerði. Í stefnu segir að við afhendingu glugganna hafi stefnendur tekið eftir sprungu í pósti á stórum stofuglugga. Fyrirsvarsmáður stefnda benti á að það væri í lagi þar sem sprungan væri að innanverðu. Var sprungan fyllt með vaxi.

Eftir að stefnendur höfðu flutt gluggana til [...] kom í ljós að fimm gluggar voru af sömu breidd, það er 196 cm, en á teikningum var kveðið á um að tveir af þeim gluggum ættu að vera 156 cm á breidd. Voru tveir gluggar of stórir. Gerðu stefnendur stefnda viðvart um þetta og í tölvupósti fyrirsvarsmanns stefnda 25. apríl 2018 er viðurkennt að um hafi verið að ræða mistök af hans hálfu sem yrðu leiðrétt. Sendu stefnendur því tvo glugga til baka til stefnda. Lýsa stefnendur því að þegar gluggarnir hafi komið til baka hafi rifur verið í svokallaðri töppun og hún mjög gisin. Þá hafi verið búið að setja kítta í einhver göt en samt hafi verið hægt að sjá í gegnum eitt hornið á að minnsta kosti einum glugga.

Stefnendur fengu smíði frá A til að setja gluggana í húsið. Við það verk komu í ljós fjölmargir aðrir gallar á gluggunum sem raktir eru í tölvupóstsamskiptum aðila 6. og 8. maí 2018. Fundu smiðirnir ýmislegt að frágangi og smíði glugganna. Þá var lýst áhyggjum af leka meðfram gluggunum ef ekkert yrði að gert. Opnanleg fög voru skökk og of lítil í gluggafalsi og var það vel sýnilegt, fleiri sprungur sáust í gluggapóstum og í sumum þeirra var vaxfyllir. Þá voru gluggalistar ekki geirskornir og pössuðu illa. Kvistir voru einnig vel sýnilegir í gluggapóstum og fullir af vaxi. Þá hafi stofugluggi verið snúinn og hafi smiðirnir þurft að leggja í töluverða vinnu við að festa gluggann í húsið.

Eitt hliðarstykki í eldhúsglugga var sprungið. Þá segir að gluggarnir hafi verið illa þússaðir og auðvelt að fá flísar við að strjúka yfir þá. Límklessur séu víða við samskeyti og sjáanlegir pollar eftir viðarvörnina. Mikið sé um litlar skemmdir og mar.

Með tölvupósti 13. maí 2018 tilkynntu stefnendur stefnda að þau hefðu stöðvað ísetningu glugganna vegna ýmissa galla á þeim. Þar segir meðal annars að stefnendur telji að frágangur glugganna uppfylli ekki þær væntingar sem þau hafi haft. Sem dæmi um galla nefna stefnendur sprunginn gluggapóst í stórum stofuglugga, sprungur í lausafögum, fúa í lausafagi, skökk og óþétt lausafög, kvisti í gluggapóstum, mikið mar á viðnum og illa frágengið yfirborð. Í sama tölvupósti segir að sex gluggar hafi verið settir í húsið en stefnendum hugnist ekki að setja fleiri glugga í húsið. Þá taka stefnendur fram að þau hafi reiknað með að fá fallega og vandaða glugga og því hafi þau valið Oregon Pine harðvið í glugga og lausafög. Loks tilkynntu stefnendur að vilji væri til að skila gluggunum og fá kaupverðið endurgreitt.

Fyrirsvarsmaður stefnda svaraði með tölvupósti 16. maí 2018 og óskaði eftir að fá að koma á staðinn og yfirfara gluggana, laga þá og endursmíða á sinn kostnað. Í svari stefnenda 23. maí kemur fram að vegna umfangsmikilla galla á gluggunum telji stefnendur að þörf væri á að endursmíða alla glugga og opnanleg fög og því væri ódýrara fyrir báða aðila að rifta kaupunum og fá endurgreitt. Í svari stefnda 1. júní 2018 kemur fram að stefndi sé ekki tilbúinn til að rifta kaupunum heldur vilji hann laga og endursmíða það sem þörf væri á. Stefnendur höfnuðu boði stefnda á ný með tölvupósti 5. júní 2018. Ítrekuðu stefnendur boð til stefnda um riftun kaupa á gluggunum „án frekari málalenginga og kostnaðar.“ Þá segja stefnendur að ekki sé til umræðu að stefndi taki gluggana í sundur og setji þá saman aftur, enda hefðu þeir gluggar sem stefndi hafi fengið til að stytta, eftir að hafa smíðað þá með röngum hætti, ekki verið með ásættanlegum frágangi og að ekkert gæfi til kynna að stefndi myndi skila af sér gluggum samkvæmt þeim væntingum og gæðum sem krafist væri við íslenskar aðstæður. Þá hafi efnisval ekki verið í samræmi við upplýsingar á heimasíðu stefnda. Ítrekuðu stefnendur kröfu sína um riftun kaupanna.

Þrátt fyrir framangreind samskipti féllust stefnendur á að stefndi kæmi á vettvang til að skoða og yfirfara gluggana. Var það gert 25. júní 2018. Afhentu stefnendur stefnda á vettvangi lýsingu á göllum ásamt ljósmyndum af gluggunum. Stefnendur segja að stefndi hafi við skoðunina staðfest að um galla væri að ræða á gluggunum, enda hefði mátt vanda betur val á efni og frágang. Þá segir að við skoðunina hafi fyrirsvarsmaður

stefnda séð sprungur og myglu sem hafi verið í einu lausafagi. Upplýstu stefnendur að þau hefðu hug á að krefjast skaðabóta vegna þessa. Í svari stefnda til stefnenda 18. júlí 2018 segir að það sé krafa stefnda að fá að laga það sem þurfi að laga og endursmíða tvo gallaða glugga á sinn kostnað.

Stefnendur leituðu til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa sem komst að þeirri niðurstöðu með álit 22. nóvember 2018 að stefnendum hefði verið heimilt að rifta kaupum á gluggunum sem stefndi smíðaði og að stefnendum bæri að skila gluggunum til stefnda sem bæri í kjölfarið að endurgreiða stefnendum kaupverð glugganna.

## II

### *Málsástæður og lagarök stefnenda*

Af hálfu stefnenda er byggt á því að gluggar þeir sem stefndi hafi smíðað hafi verið haldnir göllum í skilningi IV. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. einkum 15. og 16. gr. Í 15. gr. sé mælt fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur skuli búa yfir, en samkvæmt 1. mgr. skal söluhlutur fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun. Byggt sé á því að gluggarnir hafi ekki haft þá eiginleika til að bera sem stefnendur hafi mátt vænta við kaupin, sbr. b. lið 1. mgr. 15. gr. laganna. Þá hafi gluggarnir ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafi gefið um þá eða eiginleika þeirra eða notkun, sbr. c. lið 1. mgr. 16. gr. Hafi gluggarnir því ekki búið yfir þeim gæðum sem stefnendur hafi mátt ætlast til við kaupin og miðað við það sem fram hafi komið á heimasíðu stefnda. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laganna skuli galli sem upp kemur innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar hefur flust til neytanda teljast hafa verið til staðar á því tímamarki, það er við afhendingu.

Stefnendur byggi á að um sé að ræða eftirfarandi galla:

*Allir gluggar:* Samsetning á hornum glugga er ófullnægjandi þar sem tappar standa 5-7 mm út fyrir bakhlið karms. Smiðir telja að slíkt auki hættu á vatnssöfnun. Saga þurfti og kítta í samskeytin til að verjast skemmdum. Fræstar raufar ofan á gluggum auki hættu á vatnssöfnun og fúamyndun. Göt fyrir gluggalista séu ekki boruð úr sömu átt og ójafnt bil sé á milli gata. Gluggalistar séu ekki geirskornir og því meiri hætta á að vatn komist inn með tilheyrandi hættu á fúamyndun. Gluggalistar á hliðum séu of langir og liggi því ofan á állista sem liggi yfir botnlista glugganna og állistinn sé sveigður og spennist niður til endanna. Ekki hafi verið valið kvistalaust efni og kvistir vel sjáanlegir. Kvistir hafi verið lím- eða vaxfylltir en hætta sé á að vaxið eyðist og þá sé hætt við vatns- og frostsKemmdum. Allir gluggar séu illa þússaðir og flísast upp úr þeim. Límklestur séu

víða við samskeyti og einnig sjáanlegir pollar eftir viðarvörn. Mikið sé um litlar skemmdir og mar í viðnum.

*Öll lausafög:* Fræst sé rauf undir allan neðri pósti í stað þess að fræsa fyrir læsingunni. Fræsingin nái alla leið eftir botnstykkinu og því sé greið leið fyrir vatn sem leki niður vindrauf og sitji þar. Öll lausafög standi lengra út að ofan en neðan með tilheyrandi hættu á vatnssöfnun.

*Stór stofugluggi:* Sprunga sé í gluggapósti og glugginn snúinn. Lausafög séu skökk og of lítil og rifa sé milli fags og glugga. Mikið vindgnauð. Brautalamir séu ekki eins báðum megin. Læsingajárn að neðanverðu standi út og hafi skemmt út frá sér þegar opnað sé og lokað.

*Vestur stofugluggi:* Lausafag sé skakkt og erfitt að loka því nema með átaki. Þá flísist úr viðnum.

*Eldhúsgluggar:* Gluggarnir hafi verið of stórir og hafi því verið sendir til baka til minnkunar en viðgerðir á þeim hafi verið ófullnægjandi. Eftir lagfæringu hafi frágangur glugganna verið öðruvísi en á öllum hinum gluggunum. Rifur voru í töppun og hún gisin. Kíttað hafði verið í göt en þó hafi verið hægt að sjá í gegnum eitt horn gluggans. Efnisval í gluggana sé lélegt. Eitt hliðarstykki annars eldhúsgluggans sé sprungið alveg niður. Þá sé viður mjög marinn.

*Badherbergisgluggi:* Skrautfræsingu vanti á einn pósti við lausafagið og sé glugginn því útlitsgallaður.

*Suðurherbergi:* Sjáanlegur svartur fúablettur sé á lausafagi.

Í áliti kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa segi meðal annars að samkvæmt þeim gögnum sem liggi fyrir í málinu, þar á meðal af myndum, megi sjá margvíslega annmarka á gluggunum. Mikið af sprungum, rispum, mari og kvistum megi sjá í viðnum, sem notaður hafi verið við smíðina, sem seljanda hafi þó verið gerð grein fyrir að yrði ekki málaður heldur aðeins borið á hann. Þrátt fyrir að seljandi hafi notað við af gerðinni Oregon Pine virðist lítið hafa verið skeytt um gæði viðarins sem notaður hafi verið til verksins. Viðurinn hafi því ekki með fullnægjandi hætti verið sérstaklega valinn eftir útliti og ástandi líkt og krefjast megi fyrir slíka smíði. Þess í stað hafi verið notaður viður í slæmu ástandi og mjög viðkvæmur viður sem hafi verið sprunginn áður en smíðin hafi hafist eða sem víða hafi sprungið og skemmt við smíðina. Gera megi ráð fyrir kvistum í öllum viðartegundum þrátt fyrir að þeir séu yfirleitt færri en ella í Oregon Pine. Þegar kvistir séu til staðar skipti máli að frágangur sé góður.

Þá segi enn fremur í álitinu að frágangur við gluggana hafi ekki verið vandaður og af þeim gæðum sem álitsbeiðandi hafi mátt gera kröfu um. Samskeyti í hornum glugganna séu víða léleg og þar megi meðal annars sjá lím og annað efni sem notað hafi verið til að festa viðinn saman. Samskeyti séu einnig ójöfn, skökk á sumum stöðum og ekki falleg ásýndar auk þess sem viðurinn sé sprunginn mjög víða í samskeytum. Megi því segja að á heildina litið hafi illa verið gengið frá samskeytum. Lausafög virðist einnig skökk í nokkrum gluggum auk þess sem rifa hafi myndast í að minnsta kosti einum glugga þegar lausafaginu sé lokað og glugginn lokist því ekki almennilega. Þá séu gluggalistar einnig misstórir í sumum gluggum og illa gengið frá þeim. Læsingajárn séu sums staðar ójöfn, annars staðar standi þau út og hafi því valdið skemmdum í aðliggjandi tímri.

Með hliðsjón af framangreindu hafi kærunefndin komist að þeirri niðurstöðu að gluggarnir væru haldnir galla í heild samkvæmt a. lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr. og a., b. og c. lið 2. mgr. ákvæðisins.

Stefnendur krefjist riftunar, sbr. d. lið 1. mgr. 26. gr., sbr. 32. gr. laga um neytendakaup. Stefndi hafi hafnað riftun og óskað eftir að fá að bæta úr göllum, meðal annars með endursmíði. Stefnendur telji hins vegar að stefndi sé ekki hæfur til að bæta úr göllum úr því sem komið sé. Kærunefndin hafi verið sammála þessu áliti stefnenda og talið ljóst að stefndi gæti að öllum líkindum ekki bætt úr þeim göllum sem gluggarnir séu haldnir nema með því að smíða aðra glugga úr nýjum við í betra ástandi. Slík niðurstaða fæli í sér verulegan aukakostnað og óhagræði fyrir báða aðila. Þegar um væri að ræða jafn umfangsmikla galla og á hinum umþrættu gluggum hentuðu úrbætur ekki. Í máli þessu hefðu úrbætur í för með sér verulegt óhagræði fyrir báða aðila, þó einkum stefnendur. Þá ætti krafa um nýja afhendingu heldur ekki vel við í málinu þar sem um sérsníði sé að ræða. Kærunefndin hafi litið svo á að endursmíða þyrfti flesta ef ekki alla gluggana og væri litið til allra atvika málsins yrði að fallast á að gluggarnir væru haldnir verulegum galla og því væri stefnendum heimilt að rifta kaupunum með vísan til 32. gr. laganna.

Um sé að ræða ein heildarkaup og krefjist stefnendur þess í fyrsta lagi að staðfest verði riftun á samningi aðila og í öðru lagi að stefnda beri að greiða þeim kaupverð glugganna, 1.334.319 krónur með vöxtum frá dagsetningu sammings og dráttarvöxtum frá þingfestingardegi.

Þá hafi stefnendur enn fremur orðið fyrir öðru fjártjóni vegna hinna gölluðu glugga. Hafi stefnendur þannig orðið fyrir kostnaði við að leigja sér bílaleigubíl til að sækja gluggana til stefnda í Hveragerði og ráða til sín smiði til að setja gluggana í húsið. Stefnendur hafi fengið tilboð í gluggaísetningu frá A. Hafi þrír til fjórir smiðir verið í vinnu hjá stefnendum í rúmlega fjóra daga við að setja í sex glugga af ellefu. Fyrir þessa vinnu hafi stefnendur greitt reikning að fjárhæð 683.300 krónur. Þar sem fjarlægja hafi þurft sex glugga úr húsinu og setja gömlu gluggana aftur í til að gera stefnendur eins sett eins og enginn samningur hefði verið gerður megi reikna með að stefnendur verði fyrir öðrum eins kostnaði vegna þeirrar vinnu, eða samtals 1.366.600 krónur. Þá sé ótalinn kostnaður vegna frágangs og málningarvinnu stefnenda sjálfra til að geta haldið áfram að búa í húsinu eftir allt raskið í tengslum við gluggana.

Stefnendur geri því kröfu um skaðabætur, sbr. e. lið 1. mgr. 26. gr., sbr. 33. gr. laga um neytendakaup, en samkvæmt 33. gr. geti neytandi krafist skaðabóta fyrir tjón sem hann bíði vegna galla á söluhlut. Svári skaðabætur til þess tjóns stefnenda af vanefndunum sem hafi haft í för með sér útgjöld fyrir þau, sbr. 52. gr. laganna. Miði krafan að því að gera stefnendur eins sett eins og samningur aðila hefði aldrei verið gerður. Stefnendur geri því jafnframt skaðabótakröfu á hendur stefnda á grundvelli þess tjóns sem þau hafi orðið fyrir af því að setja gallaða glugga í fasteignina að [...]. Skaðabótakrafa þeirra að fjárhæð 1.385.720 krónur sundurliðast þannig: Kostnaður vegna bílaleigubíls, 19.120 krónur, kostnaður vegna launa smiða vegna gluggaísetningar, 683.300 krónur og kostnaður vegna launa smiða við að fjarlægja glugga, 683.300 krónur.

Kröfur stefnenda styðjast við meginreglur kröfuréttar um riftun og skaðabætur og meginreglur samningaréttar um brostnar forsendur. Enn fremur er vísað til laga nr. 48/2003 um neytendakaup, einkum ákvæða 15., 16., 32., 33. og 52. gr. og laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Um dráttarvaxtakröfur vísast til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og um vexti af skaðabótakröfu stefnenda er vísað til 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Um varnarþing er vísað til 34. og 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra.

### III

#### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi kveðst byggja á því að skilyrði riftunar séu ekki fyrir hendi og því geti stefnendur ekki rift kaupnum. Í 26. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup sé kveðið á

um þau úrræði sem neytandi geti beitt ef söluhlutur teljist vera gallaður. Þau úrræði sem stefnendum hafi verið tiltæk í upphafi þegar þeir hafi tilkynnt um meinta galla á vöru sé að finna í a. og b. liðum 1. gr. 26. gr. laga um neytendakaup, nánar tiltekið að halda eftir greiðslu annars vegar og hins vegar að velja á milli úrbóta eða nýrrar afhendingar.

Þar sem stefnendur hafi þegar greitt fyrir vöruna að fullu hafi ekki verið unnt að halda eftir greiðslu. Þá standi eftir úrræði b. liðar 1. mgr. 26. gr. laga um neytendakaup varðandi val á milli úrbóta eða nýrrar afhendingar. Óumdeilt sé að stefndi hafi ítrekað boðið fram úrbætur og nýja afhendingu en stefnendur hafi hafnað hvoru tveggja á grundvelli fullyrðinga sinna um að stefndi sé ekki hæfur til verksins. Stefndi mótmæli fullyrðingu stefnenda um að hann sé ekki hæfur sem rangri og ósannaðri, enda megi ljóst vera að stefndi reki fyrirtæki sem sérhæfi sig í smíði glugga. Jafnframt hafi stefndi sýnt vilja til að bæta úr því sem aflaga hafi farið varðandi þá tvo glugga sem hafi verið smíðaðir of stórir auk þess sem stefndi hafi farið og skoðað gluggana og boðið fram frekari úrbætur.

Stefnendur geti aðeins beitt riftunarúrræði sínu, sbr. d. lið 1. mgr. 26. gr. laga um neytendakaup ef til þess komi að stefndi hafni eða sinni ekki úrbótum. Aðeins ef stefndi hafni eða sinni ekki útbótum, sbr. 1. mgr. 31. gr. laganna, geti stefnendur krafist afsláttar af kaupverðinu. Í stað afsláttar hefðu stefnendur einnig átt rétt til að rifta kaupunum, sbr. 31. gr. laganna. Í ljósi þess að stefnendur hafi hafnað úrbótum geti þau því hvorki farið fram á afslátt né rift kaupunum. Á grundvelli þess beri þá þegar að sýkna stefnda af kröfum stefnenda.

Í stefnu komi ítrekað fram að stefnendur hafi orðið vör við meinta galla strax við afhendingu og enn frekar áður en til ísetningar glugganna hafi komið. Þrátt fyrir það hafi gluggarnir verið settir í hús stefnenda. Í 1. mgr. 51. gr. laga um neytendakaup sé kveðið á um missi réttar neytanda til riftunar og afhendingar á ný en í greininni sé kveðið á um að neytanda sé aðeins heimilt að rifta kaupum eða krefjast afhendingar á ný ef hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn hafi verið í þegar neytandi hafi veitt honum viðtöku. Eðli máls samkvæmt geti stefnendur ekki skilað gluggunum í sama ástandi til stefnda eftir að gluggarnir hafi verið settir í hús stefnenda. Ljóst megi vera að ef gluggarnir verði rifnir úr húsi stefnenda verði þeir eftir það stórskemmdir og mögulega ónýtir með öllu og því sé stefnendum ekki unnt að skila gluggunum til stefnda í sama ástandi og við afhendingu. Af þeim sökum hafi stefnendur

glatað rétti sínum til riftunar kaupanna og beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda.

Þrjár tilgreindar undantekningar séu frá meginreglu 51. gr. laga um neytendakaup, sbr. a. til c. lið 1. mgr. greinarinnar. Sú undantekning sem helst gæti átt við sé í c. lið 1. mgr. 51. gr., en þar segi að ef hluturinn hafi verið notaður af neytanda við fyrirhuguð not áður en neytanda hafi orðið ljós eða honum mátti verða ljós galli sá sem leiði til riftunar eða kröfu um afhendingu á ný geti hann samt sem áður rift kaupunum. Stefnendur hafi hins vegar ítrekað lýst því yfir að þau hafi orðið vör meintra galla áður en til ísetningar glugganna hafi komið og því eigi undantekningarákvæði c. liðar ekki við eða önnur undantekningarákvæði sem kveðið sé á um í greininni. Af því leiði að stefnendur hafi endanlega glatað rétti sínum til að rifta kaupunum.

Þá kveðst stefndi jafnframt mótmæla fullyrðingum stefnenda um að gluggarnir hafi verið gallaðir. Stefndi byggir á því að meintir gallar séu ósannaðir auk þess sem stefndi hafni öðrum kröfum stefnenda varðandi endurgreiðslu eða bætur sem ósönnuðum, svo sem varðandi skaðabótakröfu stefnenda eða aðrar fjárkröfur.

Fyrir liggir að gluggarnir hafi ekki verið eins og stefnendur hafi gert sér vonir um og jafnframt að stefndi hafi verið tilbúinn að koma til móts við stefnendur með úrbótum til að freista þess að uppfylla miklar væntingar þeirra. Þó að stefndi hafi viljað gera úrbætur í samræmi við kröfur stefnenda þá sé stefndi ekki með því að samþykkja að gluggarnir hafi verið í gölluðu ástandi við afhendingu. Í stefnu komi skýrt fram að stefnendur hafi gert sér miklar væntingar til lýtalauss útlits glugganna en þegar stefnendur hafi óskað eftir tilboði í smíði glugganna þá höfðu stefnendur ekki þessar kröfur og væntingar sínar á lofti eða gerðu þær að forsendum tilboðsins eða samnings aðila. Gluggarnir hafi verið smíðaðir úr þeim við sem óskað hafi verið eftir og að öðru leyti í samræmi við samning aðila og geti því ekki talist vera gallaðir þó að áferð þeirra hafi að einhverju leyti ekki verið í samræmi við væntingar stefnenda.

Stefndi kveðst byggja á því að stefnendur hafi í beiðni sinni óskað eftir tilboði þar sem öll mál hafi verið tilgreind sem „smíðamál“. Stefndi hafi smíðað glugganna eftir smíðamáli, það er máli á gluggunum sjálfum þegar búið sé að taka tillit til annarra atriða, svo sem fyrir þéttirými. Eftir að gluggarnir hafi verið afhentir hafi komið í ljós að málin, sem stefnendur höfðu gefið upp, hafi í raun verið stíf mál, það er frá steypu í steypu og því ekki gert ráð fyrir þéttirými, sem geri ísetningu mun erfiðari en ella. Stefndi byggir á því að þau vandamál sem stefnendur telji vera á gluggunum varðandi ójöfn horn og fleira

megi rekja til þess að stefnandi hafi gefið upp röng mál og því hafi gluggarnir passað illa í gluggagötin. Þá bendi stefndi á að sönnunarbyrði fyrir galla og meintu tjóni hvíli á stefnendum og að engin haldbær sönnun liggji fyrir í málinu, hvorki um galla né umfang tjóns.

Stefndi reisir kröfu sína meðal annars á lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, einkum því að skilyrði 32. gr., sbr. 31. gr. og 29. gr., laganna sé ekki uppfyllt auk almennra reglna kröfuréttar, svo sem varðandi skilyrði riftunar. Krafa um málskostnað er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### IV

##### *Niðurstaða*

Í máli þessu er deilt um heimild stefnenda til að rifta kaupum á 11 sérsníðuðum gluggum af stefnda, endurgreiðslu kaupverðsins og um greiðslu skaðabóta vegna tjóns sem stefnendur telja sig hafa orðið fyrir af kaupunum.

Stefnendur óskuðu eftir því með tölvupósti 27. febrúar 2018 til stefnda að hann gerði þeim tilboð í smíði á 11 gluggum úr Oregon Pine-efni „ásamt gleri og öllu því sem gluggum þarf að fylgja m.v. íslenskar aðstæður, nútímakröfur og staðlaðri framleiðslu“ stefnda. Tilboðinu fylgdu skýringar og útlitsteikningar. Stefndi svaraði beiðni stefnenda 3. mars sama ár með tilboði sem stefnendur samþykktu. Samkvæmt þessu og því sem fram kemur í skriflegum samskiptum aðila, meðal annars um breytingu á tilboðinu, liggur fyrir að stefnendur staðfestu það við stefnda í tölvupósti 6. mars 2018 að þau samþykktu tilboðið. Tók stefndi samkvæmt því að sér að smíða 11 glugga úr Oregon Pine í hús stefnenda í [...]. Skyldu gluggarnir vera með 12 opnanlegum fögum, olíubornir og viðarvarðir. Þann 7. mars 2018 greiddu stefnendur staðfestingargjald að fjárhæð 400.296 krónur inn á tilboðsverð glugganna sem nam samtals 1.334.319 krónum. Var þá kominn á bindandi samningur milli aðila um kaupin. Eftirstöðvarnar, 934.023 krónur, greiddu stefnendur 24. apríl 2018 eða sama dag og stefndi afhenti glugganna.

Við afhendingu glugganna kom í ljós að tveir gluggar voru of stórir þar sem þeir voru 196 cm á breidd í stað 156 cm og pössuðu því ekki í húsið. Var stefnda gert viðvart og viðurkenndi fyrirsvarsmaður stefnda að um mistök af hans hálfu væri að ræða sem yrðu leiðrétt. Voru gluggarnir sendir til stefnda sem minnkaði gluggana. Segja stefnendur að þegar gluggarnir hafi komið til baka frá stefnda hafi verið rifur í svonefndri töppun og hafi hún verið mjög gisin. Kíttað hafi verið í einhver göt en samt hefði verið hægt að sjá í gegnum eitt hornið á einum glugga. Þá halda stefnendur því enn fremur fram að

fjölmarginir aðrir gallar hafi verið á gluggunum og hafi smiðir sem unnu að því að setja gluggana í húsið fundið ýmislegt að frágangi og smíði glugganna og hafi opnanleg fög verið skökk og sjáanlega of lítil í gluggafalsi. Þá hafi gluggalistar ekki verið geirskornir og passað illa. Loks hafi kvistir verið sýnilegir í gluggapóstum og fullir af vaxi.

Þann 13. maí 2018 stöðvuðu stefnendur ísetningu glugganna vegna ýmissa galla á þeim. Kemur þetta fram í tölvupósti stefnenda til fyrirsvarsmanns stefnda. Tekið er fram að frágangur á gluggunum uppfylli ekki væntingar stefnenda. Þá segir orðrétt: „Við reiknuðum með að fá fallega og vandaða glugga enda völdum við Oregon Pine harðvið bæði í glugga og lausafög til að fá gæði viðarins þrátt fyrir mikinn mun á verði. Við ákváðum að velja litla trésmiðju til að smíða nýju gluggana okkar og með því værum við að fá bestu hugsanlegu gæði bæði í efnisvali og framleiðslu. Við reiknuðum líka með því að litla trésmiðjan myndi frekar leggja metnað sinn og alúð í smíðina og lofar heimasíða Særeka öllu því. Að því gefnu völdum við Særeka en því miður stóðust loforðin ekki.“ Í sama tölvupósti tilkynntu stefnendur að þau vildu skila gluggunum og fá endurgreitt. Í tölvubréfi stefnenda til fyrirsvarsmanns stefnda 23. maí 2018 segir að stefnendur vilji rifta kaupunum og skila gluggunum vegna galla sem hefðu fundist á þeim. Stefndi svaraði 1. júní, hafnaði riftun og kvaðst vilja laga það sem þyrfti og endursmíða ef með þyrfti. Höfnuðu stefnendur frekari úrbótum stefnda og ítrekuðu riftun kaupanna.

Stefnendur krefjast þess í málinu að staðfest verði riftun á samningi þeirra við stefnda frá 7. mars 2018 um kaup á 11 sérsmíðuðum gluggum. Byggja stefnendur á því að gluggarnir hafi verið haldnir göllum í skilningi IV. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Af hálfu stefnda er vísað til þess að skilyrði riftunar séu ekki uppfyllt í málinu og geti stefnendur ekki rift kaupunum. Hafi stefndi ítrekað boðið fram úrbætur og nýja afhendingu, en því hafi stefnendur hafnað á grundvelli fullyrðinga um að stefndi sé ekki hæfur til verksins.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir meðal annars að söluhlutur skuli að því er varðar tegund, magn og gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum kaupenda sem leiðir af samningi. Þá segir að ef ekki leiði annað af samningi skal söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til, hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaupin að því er varðar endingu og annað. Enn fremur skal söluhlutur henta í ákveðnum tilgangi sem seljandi vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð. Telst söluhlutur gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem koma fram í 15. gr. laganna, sbr. 16. gr.

Dómendur skoðuðu umþrætta glugga þar sem þeir voru geymdir í bílskúr stefnenda að [...] í [...]. Mátti sjá að á bakhlið þeirra glugga sem áður höfðu verið settir í húsið og teknir úr aftur voru leifar af póliúreþan-frauði. Af þykkt frauðsins mátti sjá að nóg bil hafði verið á milli gluggakarma og steins til að setja glugga í og rétta þá af. Á bakhlið glugga var rauf fyrir girði auk raufa nærri úthlið og innhlið á körmum. Glerlistar voru úr tré, sama efni og gluggarnir, nema botnfalslisti úr áli. Trélistar voru stúfsettir saman við ofanverðar rúður en sniðnir að állistum að neðanverðu.

Gluggakarmar eru tappaðir saman á hornum og skrúfa í einum tappanum. Samsetningarnar voru áberandi gisnar auk þess sem viðurinn var víða rifinn frá skrúfum út til endanna. Svo mikið var tekið úr fyrir töppum að þeir stóðu út fyrir karma um nokkra millimetra. Á nokkrum stöðum voru dauðir kvistir í körmum, bæði í bakhlið en einnig í innhlið og úthlið, það er í þeim hluta glugga sem er sýnilegur þegar gluggar hafa verið settir í hús. Dæmi voru um að fyllt hafi verið í kvistgöt með vaxi. Á nokkrum stöðum voru sprungur í körmum og póstum á sýnilegum hliðum glugga. Á einum stað hafði verði fyllt í sprungu með vaxi en sprungan opnast aftur í gegnum vaxið. Á einum stað var viðurinn sprunginn þannig að laus flís eða flipi var á pósti. Á allnokkrum stöðum var viður í gluggum marinn á þeim flötum sem eru sýnilegir. Sjá mátti dæmi um að viðurinn væri tættur út frá endum á sýnilegum flötum. Brúnir voru víða hvassar og hvergi merki þess að sandpappír hafi verið dreginn yfir til að mýkja þær. Flísar stóðu út úr brúnum á stöku stað. Á einu opnanlegu fagi var grámi í hliðarstykki. Viðarvörn var ójöfn en aðeins hafði verið borin ein umferð á gluggana.

Eins og fram er komið smíðaði stefndi tvo glugga of langa og hafði síðan stytt þá. Samsetning þar sem tekið hafði verið af gluggunum var ekki töppuð saman líkt og á öðrum samsetningum glugga heldur voru þeir stúfsettir saman á þann máta sem áður tíðkaðist. Það hafði ekki tekist betur til en svo að glufa var úr falsi út í gegnum karm á öðrum glugganum. Þá eru droparaufar, sem fræstar eru í karmfals, út úr bakhlið glugga. Þá sýna litljósmyndir í málsgögnum ýmsa ágalla á gluggunum, meðal annars að þéttingar á opnanlegu fagi í glugga fellur ekki að karmbrjósti og er þar rifa á milli. Einnig má sjá af myndum að opnanlegt fag er skakkt í glugga.

Að mati dómsins er efni í gluggunum á ýmsan máta lakara að gæðum en eðlilegt má telja hvort sem gluggarnir hafi átt að vera með gagnsærri viðarvörn eða ekki. Ekki er ásættanlegt að dauðir kvistir séu á sýnilegum flötum. Viðurinn er sprunginn og grámi í honum. Gert hefur verið við galla í viðnum með vaxi sem er ófullnægjandi og ekki líklegt

til þess að endast eins og gera verður kröfu um. Þá er frágangur glugga ófullnægjandi og ekki eins og búast má við. Samsetningar eru gisnar og viðurinn klofinn út frá skrufum, brúnir hafa ekki verið stroknar með sandpappír og skekkja er í gluggum sem veldur því að fög eru skökk í körmum. Tveir gluggar hafa verið styttir en það hefur verði gert á ófullnægjandi máta.

Dómurinn tekur hins vegar ekki undir með stefnanda að óeðlilegt sé að raufar séu í bakhlið glugga. Það er hluti af framleiðslu þeirri sem stefndi býður og er þekktur frágangur. Þá telur dómurinn að ekki sé hægt að gera kröfu um að glerfalslistar séu geirskornir saman á hornum. Það þykir jafn góður frágangur að stúfsetja lista saman. Það er loks mat dómsins að af því sem sjá mátti við skoðun á vettvangi hafi mál á gluggum ekki verið of stór og nægt pláss hafi verið til þess að setja glugga í og rétta þá af.

Krafa stefnda um sýknu af kröfu stefnenda um staðfestingu riftunar á kaupum á gluggunum er einkum studd því að stefndi hafi ítrekað boðið fram úrbætur og endursmíði væri þess þörf. Aðeins sé unnt að beita riftunarúrræði ef stefndi hafni eða sinni ekki úrbótum. Á þetta verður ekki fallist með stefnda í ljósi þess að þær viðgerðir, sem stefndi þó gerði þegar hann stytta tvo glugga sem voru smíðaðir of stórir, fyrir mistök sem stefndi viðurkenndi, voru ófullnægjandi og óásættanlegar fyrir stefnendur. Þá liggur fyrir samkvæmt því sem að framan er rakið að vax það sem notað var til að gera við viðargalla reyndist ófullnægjandi viðgerð. Þessar staðreyndir og aðrir ágallar sem lýst hefur verið á gluggunum og eru staðfestar með mörgum ljósmyndum í málsgögnum gefa ekki ástæðu til að ætla að stefndi muni geta bætt úr með því að lagfæra gluggana og eftir atvikum afhenda nýja glugga.

Samkvæmt d. lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup getur neytandi krafist riftunar samkvæmt 32. gr. laganna ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varðar. Að öllu því virtu sem nú er fram komið verður það niðurstaða dómsins að gluggarnir séu haldnir svo veigamiklum göllum að það réttlæti riftun stefnenda á samningi aðila frá 7. mars 2018 um kaup á 11 sérsníðuðum gluggum í einbýlishús stefnenda að [...] í [...]. Er krafa stefnenda um að staðfest verði riftun þeirra á fyrrnefndum samningi því tekin til greina.

Samkvæmt meginreglum um riftun falla greiðslur samkvæmt samningi niður þegar samningi er rift og þegar greiðslur hafa farið fram ber að skila þeim aftur. Samkvæmt þessu ber að verða við kröfu stefnenda um að stefnda verði gert að

endurgreiða kaupverð glugganna, 1.334.319 krónur, að viðbættum dráttarvöxtum svo sem í dómsorði greinir.

Stefnendur krefjast skaðabóta í málinu með vísan til e. liðar 1. mgr. 26. gr., sbr. 33. gr. laga um neytendakaup. Samkvæmt 33. gr. laganna getur neytandi krafist skaðabóta fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna galla á söluhlut. Um umfang skaðabóta segir í 52. gr. laganna að skaðabætur vegna vanefnda annars samningsaðila skuli svara til þess tjóns sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Er þar meðtalið tjón vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar.

Stefnendur segja skaðabótakröfu sína byggða á tjóni sem þau hafi orðið fyrir af því að setja gallaða glugga í einbýlishúsið að [...]. Krafan er sundurliðuð þannig: Kostnaður vegna bílaleigubíls, 19.120 krónur; Kostnaður vegna vinnu smíða við að setja gluggana í húsið, 683.300 krónur, og kostnaður vegna vinnulauna smíða „við að fjarlægja glugga“, 683.300 krónur, eða samtals 1.385.720 krónur. Útlagður kostnaður stefnenda vegna bílaleigubíls og kostnaður við ísetningu glugganna, sem studdur er reikningum, verður tekinn til greina, en kostnaður stefnenda við að fjarlægja glugga er áætlaður og ekki studdur gögnum. Er þeim kröfulið hafnað. Samkvæmt þessu er fallist á að stefndi greiði stefnendum 702.420 krónur í skaðabætur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Samkvæmt niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað sem ákveðinn er 1.010.440 krónur.

Dóm þennan kveða upp Jón Höskuldsson héraðsdómari, dómsformaður, Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari og Hjalti Sigmundsson, byggingartæknifræðingur og húsasmíðameistari.

#### **D ó m s o r ð:**

Staðfest er riftun stefnenda, Helgu Sigurðardóttur og Helga Haraldssonar, á samningi þeirra við stefnda, Særeka, gluggar og hurðir slf., frá 7. mars 2018 um kaup á 11 sérsníðuðum gluggum.

Stefndi greiði stefnendum 1.334.319 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum skaðabætur, 720.420 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum 1.010.440 krónur í málskostnað.

Jón Höskuldsson  
Sandra Baldvinsdóttir  
Hjalti Sigmundsson